

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
101 Reykjavík

3.2.2022  
2022-01-78/0.11.1

**Efni: Frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2, þskj. 11 11. mál.**

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. janúar sl, þar sem Landsneti er sent til umsagnar frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2, 11. mál. Landsnet skilaði umsögn um frumvarpið þegar það var lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er aðalvalkostur Landsnets í samræmi við landsskipulagsstefnu 2015-2026, svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024, aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028, sem og aðalskipulag annarra sveitarfélaga á línuleiðinn. Framkvæmdin hefur því verið á öllum skipulagsáætlunum árum saman og á grundvelli þessara skipulagsáætlana hefur Landsnet varið miklum fjármunum í undirbúning framkvæmdarinnar. Framkvæmdin er einnig í samræmi við samþykktu kerfisáætlun 2018-2027 og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og stefnu um lagningu raflína. Þess má geta að öll sveitarfélög á línuleiðinni veittu á sínum tíma leyfi fyrir loftlínuframkvæmd sem síðar voru ógilt á grundvelli ónógrar umfjöllunar um valkosti í fyrra mati á umhverfisáhrifum. Nú liggur fyrir ný matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur komist að þeirri niðurstöðu að byggja megi á álitinu og matinu við ákvörðun um framkvæmdaleyfi. Auk þessa var á undirbúningsstigi haft sérstakt samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila á línuleiðinni, bæði í tengslum við kerfisáætlun og umhverfismat áætlunarinnar og sérstakt verkefnaráð um undirbúning framkvæmdarinnar. Markmið verkefnaráða er að tryggja virkara samtal, skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdir á vegum Landsnets.

Á grundvelli þessa undirbúnings og heimilda sótti Landsnet að nýju um framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Voga fyrir Suðurnesjalínu 2. Afgreiðslur allra sveitarfélaga á framkvæmdaleyfisumsókn voru kærðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í málum nr. 41/2021 og 57/2021 eru til staðar gild framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum í Grindavík og Reykjanesbæ. Þá liggja fyrir samningar um landsréttindi vegna framkvæmdarinnar við landeigendur í báðum sveitarfélögunum. Samningar liggja einnig fyrir við landeigendur um framkvæmdir í Hafnarfirði en sveitarfélagið vinnur að endurútgáfu framkvæmdaleyfis í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 46/2021 um ógildingu fyrra leyfis. Eftir stendur að Sveitarfélagið Vogar hefur ekki afgreitt umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi í samræmi við niðurstöður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 53/2021 um að m.a. sé tilgangur sveitarfélaga að vinna þannig að gætt sé heildarhagsmuna samfélagsins ekki síður en hagsmuna nærsamfélagsins, en sveitarfélagið vinnur að afgreiðslu umsóknarinnar.

Í undirbúningsferlinu hefur Landsnet ítrekað bent á að hugmyndir Sveitarfélagsins Voga um jarðstrengslögn á línuleiðinni falli ekki undir meginreglur og viðmið í stefnumörkun stjórnvalda um lagningu jarðstrengja. Þá hefur Landsnet lagt fram gögn um að rekstraröryggi jarðstrengs sé lakara en loftlínu á þessu svæði, en félagið hefur látið gera athuganir er varða rekstraröryggi valkosta við Suðurnesjalínu 2 í kjölfar jarðhræringa á svæðinu. Ljóst er af öllum gögnum að rekstraröryggi jarðstrengs er verra en loftlínu og þá sérstaklega m.t.t. jarðskjálfta og sprunguhreyfinga. Þannig standast hugmyndir Sveitarfélagsins Voga um jarðstrengslögn hvorki kröfur raforkulaga né eru þær í samræmi við gildandi svæðisskipulag Suðurnesja. Svæðisskipulagið er nú til endurskoðunar en í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga, sem send hefur verið Skipulagsstofnun til afgreiðslu, er ekki lengur gert ráð fyrir að í sveitarfélaginu verði hægt að reisa 220 kV loftlínu meðfram Suðurnesjalínu 1.

Í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 53/2021 segir um þá stöðu sem uppi er í málinu:

*Löggjafinn hefur ákveðið það fyrirkomulag sem að framan er lýst, þ.e. að skipulagsvaldið hvíli hjá sveitarsjórn, sem gæta lögum samkvæmt að hagsmunum íbúa sveitarfélagsins og að almannahagsmunum, en að Landsneti beri m.a. að líta til sjónarmiða um kostnað og öryggi. Löggjafinn hefur enn fremur kveðið á um að samráð þurfi milli Landsnets og skipulagsyfirvalda í aðdraganda ákvörðunar um legu flutningslína í skipulagi, sbr. 9. gr. c í raforkulögum. Engin úrræði er hins vegar að finna í raforkulögum ef það samráð leiðir ekki til þess að framkvæmdaleyfi sé veitt, en slík úrræði er t.a.m. að finna í 28. gr. vegalaga nr. 80/2007.*

Sú staða sem uppi er varðandi framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 sýnir að tilraunir löggjafans til að kveða á um stöðu uppbyggingar grunninnviða raforkukerfisins gagnvart skipulagsvaldi sveitarfélaga, og að stjórn-sýsla þessara mála sé skýr, hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Afgreiðslur sveitarfélaga á grundvelli skipulagsvalds, sem og við útgáfu leyfa vegna framkvæmda sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag og geta auk þess haft áhrif á hagsmuni allra raforkunotenda, þurfa að byggjast á mati á heildarhagsmunum. Það liggur fyrir að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum og á grundvelli þess valds hafa sveitarfélögin haft loftlínuna í skipulagsáætlunum sínum til margra ára. Við töku ákvarðana um framkvæmdir á grundvelli skipulags-áætlana hljóta völd og ábyrgð að þurfa að fara saman og að sameiginleg niðurstaða náist um framkvæmdir. Þetta á bæði við um framkvæmdir vegna Suðurnesjalínu 2 sem og framtíðaráform um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Virðingarfyllst,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets hf.